

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2008/EES/52/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2008/EES/52/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	4
2008/EES/52/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	6
2008/EES/52/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	9
2008/EES/52/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	10
2008/EES/52/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	11
2008/EES/52/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	13
2008/EES/52/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	15
2008/EES/52/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	16
2008/EES/52/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	18
2008/EES/52/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn	20
2008/EES/52/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	22
2008/EES/52/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	23

2008/EES/52/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn.	24
2008/EES/52/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	25
2008/EES/52/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	26
2008/EES/52/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	27
2008/EES/52/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	29
2008/EES/52/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn	31
2008/EES/52/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn	33
2008/EES/52/21	Leiðréttingar	34

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/01

nr. 40/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/399/EB frá 11. júní 2007 um breytingu á ákvörðun 93/52/EBE, að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að Rúmenía sé opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*), og á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að Slóvenía sé opinberlega laus við öldusótt í nautgripum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/522/EB frá 18. júlí 2007 um breytingu á ákvörðun 2006/802/EB að því er varðar kjöt af svinum sem hafa verið bólusett með lifandi, veikluðu, hefðbundnu bóluefni í Rúmeníu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/559/EB frá 2. ágúst 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi nautgripahvítblæði ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/584/EB frá 21. ágúst 2007 um breytingu á ákvörðun 2004/558/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 64/432/EBE um viðbót-arábyrgðir, að því er varðar smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum, í viðskiptum innan Bandalagsins með nautgripi og samþykkt útrýmingaráætlana sem tiltekin aðildarríki hafa lagt fram ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/590/EB frá 27. ágúst 2007 um að taka upp forvarnarbólusetningu gegn alvarlegri fuglainflúensu í Hollandi ásamt tengdum ákvæðum um flutninga ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/598/EB frá 28. ágúst 2007 um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að alvarleg fuglainflúensa breiðist út til fugla sem eru haldnir í dýragörðum og hjá viðurkenndum aðilum, stofnunum eða miðstöðvum í aðildarríkjunum ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/603/EB frá 7. september 2007 um breytingu á ákvörðun 2001/618/EB í því skyni að bæta Slóvakíu í skrána yfir svæði, sem eru laus

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 150, 12.6.2007, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 193, 25.7.2007, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 212, 14.8.2007, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 219, 24.8.2007, bls. 37.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 222, 28.8.2007, bls. 16.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 230, 1.9.2007, bls. 20.

við Aujeszky-veiki, og bæta svæðum á Spáni í skrána yfir svæði þar sem viðurkenndar varnaráætlanir gegn Aujeszky-veiki liggja fyrir ⁽⁸⁾.

9) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein og Ísland.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2007/399/EB, 2007/522/EB, 2007/559/EB, 2007/584/EB, 2007/590/EB, 2007/598/EB og 2007/603/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 236, 8.9.2007, bls. 7.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2008

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir 38. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/268/EB) í hluta 3.2:
„39. **32007 D 0598**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/598/EB frá 28. ágúst 2007 um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að alvarleg fuglainflúensa breiðist út til fugla sem eru haldnir í dýragörðum og hjá viðurkenndum aðilum, stofnunum eða miðstöðvum í aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 230, 1.9.2007, bls. 20).
Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“
2. Eftirfarandi bætist við í 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/802/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„eins og henni var breytt með:
– **32007 D 0522**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/522/EB frá 18. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 193, 25.7.2007, bls. 23).“
3. Eftirfarandi bætist við á eftir 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/24/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„41. **32007 D 0590**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/590/EB frá 27. ágúst 2007 um að taka upp forvarnarbólusetningu gegn alvarlegri fuglainflúensu í Hollandi ásamt tengdum ákvæðum um flutninga (Stjtið. ESB L 222, 28.8.2007, bls. 16).
Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) í hluta 4.2:
„– **32007 D 0399**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/399/EB frá 11. júní 2007 (Stjtið. ESB L 150, 12.6.2007, bls. 11).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) í hluta 4.2:
„– **32007 D 0603**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/603/EB frá 7. september 2007 (Stjtið. ESB L 236, 8.9.2007, bls. 7).“
6. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
„– **32007 D 0399**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/399/EB frá 11. júní 2007 (Stjtið. ESB L 150, 12.6.2007, bls. 11),
– **32007 D 0559**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/559/EB frá 2. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 212, 14.8.2007, bls. 20).“
7. Eftirfarandi bætist við í 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2:
„eins og henni var breytt með:
– **32007 D 0584**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/584/EB frá 21. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 219, 24.8.2007, bls. 37).“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/02

nr. 41/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007 frá 26. október um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1266/2007 fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB ⁽³⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ekki Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/598/EB) í hluta 3.2:
„40. **32007 R 1266**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007 frá 26. október um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu (Stjtið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37).
Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“
2. Brott falli texti 33. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB) í hluta 3.2.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1266/2007, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 130, 24.5.2005, bls. 22.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/03

nr. 42/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklungum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB frá 12. júní 2007 um samhæfða vöktun á þoli salmonellu gegn sýklalyfjum í alifuglum og svinum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/411/EB frá 14. júní 2007 um bann við því að setja á markað afurðir úr nautgripum, fæddum eða öldum í Breska konungsríkinu fyrir 1. ágúst 1996, í hvaða tilgangi sem er, og um undanþágu fyrir þessi dýr að því er varðar tilteknar varnar- og útrýmingarráðstafanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, og um niðurfellingu ákvörðunar 2005/598/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/570/EB frá 20. ágúst 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps í fiski ⁽⁶⁾.
- 7) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 646/2007 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2005 ⁽⁷⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 8) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2007/411/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/598/EB ⁽⁸⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 9) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 voru gerðir, sem um getur í I. kafla I. viðauka, látnar taka til Íslands að frátöldum ákvæðum um lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 74.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 217, 22.8.2007, bls. 36.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 182, 13.7.2005, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 204, 5.8.2005, bls. 22.

- 10) Gerðir, sem um getur í I. kafla I. viðauka, skulu taka til Íslands nema þess sé getið í tengslum við tiltekna gerð að hún skuli ekki taka til Íslands. Af þessum sökum verður að geta þess í tengslum við ýmsar gerðir, sem felldar hafa verið inn í samninginn, að þær taki ekki til Íslands.
- 11) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.
- 12) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2:
„– **32007 D 0570:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/570/EB frá 20. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 217, 22.8.2007, bls. 36).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB) í hluta 7.2:
„47. **32007 R 0646:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005 (Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21).
48. **32007 D 0407:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB frá 12. júní 2007 um samhæfða vöktun á þoli salmonellu gegn sýklalyfjum í alifuglum og svínum (Stjtið. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26).
49. **32007 D 0453:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinnar svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).“
3. Texti 26. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2005) í hluta 7.2 falli brott.
4. Eftirfarandi komi í stað texta 41. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/598/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:
„**32007 D 0411:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/411/EB frá 14. júní 2007 um bann við því að setja á markað afurðir úr nautgripum, fæddum eða öldum í Breska konungsríkinu fyrir 1. ágúst 1996, í hvaða tilgangi sem er, og um undanþágu fyrir þessi dýr að því er varðar tilteknar varnar- og útrýmingarráðstafanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, og um niðurfellingu ákvörðunar 2005/598/EB (Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 74).“
5. Málslíðurinn „Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“ bætist við í 133. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB) í hluta 1.2.
6. Málslíðurinn „Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“ bætist við í 35. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/123/EB), 36. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/800/EB), 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/802/EB), 38. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB), 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/19/EB) og 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/24/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2.

7. Málslíðurinn „Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“ bætist við í 58. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/17/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 646/2007 og ákvarðana 2007/407/EB, 2007/411/EB, 2007/453/EB og 2007/570/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/04

nr. 43/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007 frá 26. nóvember 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa (Natugrain Wheat TS) sem aukefni í fóðri ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 22.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2007) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzz. **32007 R 1380**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007 frá 26. nóvember 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa (Natugrain Wheat TS) sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 22.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1380/2007, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 310, 28.11.2007, bls. 22, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/05

nr. 44/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/72/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu tegundarinnar *Galega orientalis* Lam. ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0072:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/72/EB frá 13. desember 2007 (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/72/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 37.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/06

nr. 45/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 807/2007 frá 10. júlí 2007 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1319/2007 frá 9. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar notkun fóðurs af landspildum sem eru á fyrsta ári í aðlögun að lífrænum búskap ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32007 R 0807**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 807/2007 frá 10. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 181, 11.7.2007, bls. 10),
- **32007 R 1319**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1319/2007 frá 9. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 293, 10.11.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 807/2007 og 1319/2007, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 181, 11.7.2007, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 293, 10.11.2007, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/07

nr. 46/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um staðhæfingar um næringargildi og hollustu matvæla ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2007/61/EB frá 26. september 2007 um breytingu á tilskipun 2001/114/EB varðandi tiltekna mjólk til manndis sem er að hluta til eða algerlega vatnsneydd og rotvarin ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zs (tilskipun ráðsins 2001/114/EB):
„– **32007 L 0061**: Tilskipun ráðsins 2007/61/EB frá 26. september 2007 (Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 27).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzzs (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/42/EB):
„54zzzt. **32006 R 1924**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um staðhæfingar um næringargildi og hollustu matvæla (Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3.
54zzzu. **32006 R 1925**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli (Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1924/2006, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 12, 18.1.2007, bls. 3, og 1925/2006 og tilskipunar 2007/61/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 27.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/08

nr. 47/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1064/2007 frá 17. september 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu, að því er varðar avílamýsín ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32007 R 1064**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1064/2007 frá 17. september 2007 (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1064/2007, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/52/09

nr. 48/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/69/EB frá 29. nóvember 2007 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dífeþialóni við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/70/EB frá 29. nóvember 2007 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/794/EB frá 29. nóvember 2007 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsókuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

